

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 105/2017

2018/EES/37/02

frá 13. júní 2017

um breytingu á XI. viðauka við EES-samninginn (Rafræn fjarskipti, hljóð- og myndmiðlun og
upplýsingasamfélagið)

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með vísan til samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, („EES-samningurinn“), einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) Fella ber inn í EES-samninginn reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2017/920 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 531/2012 að því er varðar heildsölumarkaði fyrir reiki ⁽¹⁾.
- 2) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2286 frá 15. desember 2016 um ítarlegar reglur um beitingu viðmiðunarreglna um eðlilega notkun og um aðferðafræði til að meta sjálfbærni afnáms aukagjalds á reiki í smásölu og um umsóknina sem veitandi reikihjónustu þarf að leggja fram vegna þess mats ⁽²⁾.
- 3) Fella ber inn í EES-samninginn framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2292 frá 16. desember 2016 um vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2352 ⁽³⁾.
- 4) Framkvæmdarreglugerð (ESB) 2016/2292 fellir úr gildi framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2352 ⁽⁴⁾, sem hefur verið felld inn í EES-samninginn og ber því að fella gerðina brott úr samningnum.
- 5) XI. viðauki við EES-samninginn breytist því í samræmi við það.

TEKIÐ EFTIRFARANDI ÁKVÖRDUN:

1. gr.

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XI. viðauka við EES-samninginn:

1. Eftirfarandi undirlið er bætt við lið 5cu (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 531/2012):
„– **32017 R 0920:** Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/920 frá 17. maí 2017 (Stjútíð. ESB L 147, 9.6.2017, bls.1)“
2. Eftirfarandi aðlögun er bætt við lið 5cu (reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 531/2012):
„c) Ákvæði reglugerðarinnar sem fela BEREK sérstök verkefni skulu gilda í samræmi við, og frá gildistökudegi ákvörðunar sameiginlegru EES-nefndarinnar sem fellir reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1211/2009 inn í EES-samninginn.“
3. Eftirfarandi lið er bætt við á eftir lið 5cub (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 2015/2352):

⁽¹⁾ Stjútíð. ESB L 147, 9.6.2017, bls. 1.

⁽²⁾ Stjútíð. ESB L 344, 17.12.2016, bls. 46.

⁽³⁾ Stjútíð. ESB L 344, 17.12.2013, bls. 77.

⁽⁴⁾ Stjútíð. ESB L 331, 17.12.2015, bls. 7.

„5cuc. **32016 R 2286**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2286 frá 15. desember 2016 um ítarlegar reglur um beitingu viðmiðunarreglna um eðlilega notkun og um aðferðafræði til að meta sjálfbærni afnáms aukagjalds á reiki í smásölu og um umsóknina sem veitandi reikipjónustu þarf að leggja fram vegna þess mats (Stjttíð. ESB L 344, 17.12.2016, bls. 46).“

4. Eftirfarandi kemur í stað texta liðar 5cub (framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2015/2352) kemur eftirfarandi:

„**32016 R 2292**: Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2016/2292 frá 16. desember 2016 um vegið meðaltal hæsta verðs fyrir lúkningu símtala í farsíma í Sambandinu og um niðurfellingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) 2015/2352 (Stjttíð. ESB L 344, 17.12.2015, bls. 77).“

2. gr.

Íslenskur og norskur texti reglugerða (ESB) 2017/920 og framkvæmdarreglugerða (ESB) 2016/2286 og (ESB) 2016/2292, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, telst fullgiltur.

3. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi 14. júní 2017, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. EES-samningsins hafi farið fram (*).

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild *Stjórnartíðinda Evrópusambandsins* og EES-viðbæti við þau.

Gjört í Brussel 13. júní 2017.

Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar

Claude Maerten

formaður.

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.